

3. des—snjókúla

Þú þarft — tóma krukku, glimmer, glycerin, lím (epoxy), eyrnapinna, fígúrirur í krukkuna og vatn

1

Krukkann þarf að vera þurr og hrein og fígúrunar sem þú valdir til að setja ofan í hana þurfa að passa í krukkuna.

2

Þá er komið að því að líma fígúrunar fastar. Það er mikilvægt að einhver fullorðinn geri það því Epoxy lím getur verið varasamt. Það er nóg að setja bara lítinn punkt af lími, á stærð við baun, í lokið. Síðan er líminu blandað saman með eyrnapinna. Passið bara að ekkert lím fari á skrúfganginn á lokinu því þá verður ekki hægt að festa það á eftir.

3

Þegar límið hefur verið blandað má koma fígúrunum fyrir. Síðan þarf að bíða eftir því að límið þorni alveg og er gott að gera ráð fyrir 7 klst. í þá bið.

4

Þegar límið hefur þornað og fígúrunar eru orðnar pikkfastar við lokið er komið að því að fylla krukkuna.

Við byrjum á því að hella hana næstum því fulla af vatni, munið samt að fylla ekki alveg því að fígúrunar taka sitt pláss.

Næst setjum við glycerin út í en það þarf ekkert mjög mikið af því, bara smá slettu í krukkuna.

Síðast kemur glimmerið og það fer alveg eftir því hvað þið viljið að snjóí mikið hvað þið viljið setja mikið af því.

5

Þegar allt er komið í krukkuna þarf að loka henni eins fast og maður getur svo vatnið leki ekki allt út úr henni aftur.

Síðan má bara hrista krukkuna, skella henni á hvolf og horfa á snjóinn falla ljúft til jarðar.